

**Nd.**

## **21. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flm.: Finnur Jónsson.

### **1. gr.**

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu, til að stunda kampalampaveiðar með venjulegri kampalampavörpu.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **G r e i n a r g e r ð.**

Á síðastliðnu ári var litilsháttar byrjað að veiða kampalampa hér við land, og hefir nú verið hafinn útflutningur á ísuðum kampalampa, fyrir forgöngu bæjarstjórnar Ísafjarðar og með tilstyrk fiskimálanefndar, sem annast söluna.

Þá hefir bæjarstjórn Ísafjarðar einnig ákveðið að setja á stofn verksmiðju til niðursuðu á kampalampa, og þar eð kampalamparnir eru dýr útflutningsvara, eru miklar horfur á að veiðum á honum verði haldið áfram og geti þær aukizt að mun á þessu ári. Reynsla sú, sem þegar er fengin af veiði þessari, bendir til að þarna séu fundin verkefni fyrir nokkurn hluta smábátaútvegsins, sem ella hefir ekki annars úrkosta en stunda arðlitlar þorskveiðar, og þá ekki nema nokkurn hluta ársins.

Kampalampaveiðarnar eru stundaðar með nokkurskonar smábotnvörpu, svo nefndri kampalampavörpu, og þar eð líkur eru til að talsvert gagn geti orðið að þessum veiðum virðist rétt að styðja þessa nýju atvinnugrein.

Með tveim dómum hæstaréttar 19. marz 1932 hefir hinsvegar verið talið, að það sé brot á lögum nr. 5 18 maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, að veiða í landhelgi með svokallaðri „Skovlvaad“. Kampalampavarpan er svipuð þessari „Skovlvaad“ að gerð, og er því hætt við, að hún geti orðið talin ólöglegt veiðarfæri í landhelgi. Er því nauðsynlegt ef styðja á að því að menn geti stundað veiðar þessar með öryggi, að hreyta téðum lögum nr. 5 1920 svo sem frv. gerir ráð fyrir, þar eða kampalampaveiðarnar yrðu aðallega að fara fram innan landhelgi.

Það skal fram tekið, að veiðarfæri þetta er dregið svo lægt, að fiskifræðingar telja það óskaðlegt nytjafiskum.